Málsnúmer 2603364

Kópavogsbær

3. mars 2026
JSÞ/VHÁ

Efni: Kynning á stafrænu þjónustugáttinni *Minn Kópavogur*

Þjónustusvæðið Minn Kópavogur er ný lausn fyrir íbúa Kópavogs. Kerfið er nú þegar aðgengilegt á slóðinni https://minn.kopavogur.is/ og verður formlega auglýst og gert aðgengilegt í gegnum vef Kópavogsbæjar 9. mars. Sama dag verður einnig opnað á lausnina boðgreiðslur í gegnum viðmót Minn Kópavogs. Boðgreiðslur gera íbúum kleift að setja reikninga frá Kópavogsbæ í sjálfvirkar skuldfærslur með einföldum hætti.

Minn Kópavogur sameinar þjónustu sem áður var dreifð á ólíkum vefsvæðum eða í þjónustugátt og býður upp á samræmda og miðlæga yfirsýn yfir þau mál, gögn og kerfi sem tilheyra hverjum einstaklingi. Með því að byggja lausnina upp kringum rafrænt auðkenni fær íbúi strax aðgang að öllum þeim kerfum og þjónustum bæjarins sem styðja slíka auðkenningu, án þess að þurfa að fara á milli kerfa eða endurauðkenna sig. Þetta er umtalsverð þjónustubót frá eldri þjónustugátt, sem var bæði afmarkaðri í virkni og síður tengd öðrum lausnum bæjarins.

Með Minn Kópavogur er stefnt að því að bæta aðgengi íbúa að upplýsingum, auka gagnsæi, draga úr tvíverknaði og styðja við sjálfsafgreiðslu þar sem hún á við. Þjónustusvæðið er jafnframt hugsað sem sameiginleg inn- og útgönguleið fyrir rafræna þjónustu bæjarins, sem gerir það kleift að byggja upp skalanlega innviði sem nýtast í fleiri verkefnum til framtíðar.

Verkefnið er í virkri þróun og Minn Kópavogur sem verður aðgengilegur íbúum 9. mars er fyrsti fasi af stærra verkefni. Unnið er að því að bæta við frekari virkni á næstu mánuðum, þar á meðal tölfræðilegri yfirsýn fyrir hvern íbúa, rafrænni greiðslugátt fyrir rafræn sundkort og endurbætt viðmót umsókna. Markmiðið er að byggja upp stöðugt vaxandi þjónustusvæði sem nær utan um sífellt fleiri samskipti íbúa við bæinn og eykur skilvirkni í ferlum.

Rafræn skilríki

Undirritað af: Jakob Sindri Þórsson

Tími: 03.03.2026 12:29
Undirrita skjal úr OneCRM

Undirritað með OneSign